

Orðanefnd læknafélaganna - 110

Fundur var haldinn mánudaginn 28. október 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar, og var það 110. fundur nefndarinnar frá 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Magnús Jóhannsson boðaði forföll vegna veikinda og Runólfur Pálsson boðaði á síðustu stundu með tölvupósti að hann kæmist óvænt ekki á fundinn.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 109. fundar (30. september 2024), sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Ársskýrsla nefndarinnar starfsárið 2023 - 2024 til Læknafélags Íslands, sem áður hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt. Verður hún birt í skýrslu L.Í. á aðalfundi félagsins 2. nóvember n.k..

3. Orðanefndarvinnan:

a. Orðalisti með „alopecia“

JHJ lagði fram lista með 22 færslum þar sem latnesk-enska orðið „alopecia“ kemur fyrir. Einföld fyrirspurn í tölvupósti varð til þess að hann tók listann saman úr Íðorðasafni lækna þegar í ljós kom að margt mátti betur fara í ýmsum færslunum. Farið var vandlega yfir listann og var hann samþykktur með breytingartillögum nefndarmanna, en þó gerður fyrirvari um að skoðaðar yrðu einnig athugasemdir sem voru á leiðinni í tölvupósti frá RP. JHJ falið að ganga frá listanum til birtingar í Íðorðasafni lækna í Íðorðabankanum að því loknu.

b. Orðalisti með „thrombosis“ úr verkefni með Pétri Snæbjörnssyni, lækni.

JHJ lagði fram orðalista með 36 færslum þar sem þetta heiti kemur fyrir. Farið var einnig vandlega yfir þennan lista og athugasemdir viðstaddra nefndarmanna. Listinn var samþykktur með þeim fyrirvara að JHJ færi yfir athugasemdir RP í tölvupóstinum og að hann sendi síðan Pétri listann til yfirferðar og athugasemda. Ákveðið var einnig að ganga ekki frá listanum til birtingar fyrr en nefndin hefði einnig farið yfir lista með heitinu „thrombus“ á næsta fundi.

4. Önnur mál: Fleiri mál lágu ekki fyrir að þessu sinni.

Næsti fundur. Gert var ráð fyrir næsta fundi mánudaginn 25. nóvember kl. 16:30 og var fundarherbergi í Eddu bókað þann dag.

Fundinum var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.